

Fundur 14.9.2020 Ingvar Agnarsson.

Komið þið sælir félagar.

Finnst mér of langt síðan ég hef til ykkar talað.

Reynum við að halda tengslunum og finn ég að hér eru nokkur miðilsefni í salnum og vona ég að okkur takist að opna á þeirra hæfileika.

Og starf ykkar og okkar megi blómgast sem best og vona ég að ég geti sagt ykkur frá mínu lífi örlítið í kvöld.

Er ég nú ekki vanur að trana mér fram á fundunum, en þar sem vetrarstarf ykkar er að hefjast, fannst okkur rétt að magna miðilinn og.

Ert þú frændi hans?

Já skyldur, og reyna að opna á fleiri miðilssambönd.

Hér eru að fylgjast með á fundunum, Sigurður Ólafsson, Sveinn Haraldsson og tvær konur, sem ég, ég næ ekki að koma fram nöfnunum.

Það þarf að sækja í minnisbanka miðilsins, hún heitir Snæ..

Alla vegana það eru hér margir miðlar framliðnir úr félagi Nýalssinna og fleirum, sem sýna fundinum áhuga.

Og við höldum að margar andlegar breytingar hafi átt sér stað í ár, og geti hugsanlega opnað á fleiri sambönd og vonumst til þess að aukinn áhugi verði á starfinu.

Og hægt sé að magna fleiri í sambandi.

Ekki tókst okkur að fá þá ættingja miðilsins, bróðir minn og aðra nákomna í sambandið.

Það gæti tekist síðar, það þarf alltaf nokkra fundi, til að magna fram í samband, það sem um er beðið.

Er ég ykkar gamli félagi Ingvar,

Blessaður, mig grunaði það.

Hef ég verið að mála hér á nýrri jörð, og nýt ég þess að þurfa ekki að hafa eins miklar áhyggjur af lífibrauðinu, daglegri vinnu.

Og hef ég starfað áfram með föður þínum Þorsteinn, og höfum haft nán samskipti hér í stjórnusambandsstöðinni okkar.

Og hefur þar margt borið við.

Og væri ágætt ef okkar gamli félagi gæti talað hér í kvöld, Olgeir. Við sjáum til með það.

Þú tekur góðar kveðjur til Sveins og Sigurðar.

Já ég þakka fyrir það og vona ég að ykkur hjónum heilsist vel og þú mannst vel eftir starfinu með Sveini, er það ekki?

Jú.

Já, hann hefur haldið áfram hér í nýjum heimkynnum.

Og ég hef alltaf jafn miklar áhyggjur af því, að hægt sé að gera betur.

En ég er mjög ánægður með það, sem þið eruð að reyna, að halda þessu lifandi.

Já, það er gott að heyra.

Ég vildi segja það að þau eru hér á okkar hnetti hjónin, bróðir minn og konan hans.

En þau eru ýmis löndin hér og mismunandi áherslur í trúarefnum.

Við förum kannski út í það síðar.

En sonur minn vildi segja við sína fjölskyldu, að honum liði vel, og segir hann Siggí minn við fjölskylduna að hann voni að þau finni að hann sakni þeirra og hugsi til þeirra eins og við afi þeirra og amma.

Ég er hér stöðugt hér á fundunum eins og Þorsteinn.

En ætla ég ekki að hafa þetta lengra að sinni, en mun ég væntanlega reyna að koma aftur við tækifæri, þegar tækifæri gefst.

Ætlum við að reyna að koma með einhver fleiri sambönd í kvöld.

Verið þið sælir og gleður mig að komast í sambandið aftur.